


VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum



KJARVAL
43% afsláttur
 KEA Bjúgu
Hausstíllboð 398 kr./kg



Chicago Town
 Edge Deep Pan
 3 tegundir
498 kr./pk.



30% afsláttur
 Goða Saltkjöt
 blandað
759 kr./kg



Fiskibollar og -borgarar
799 kr./kg



25% afsláttur
 JAKA BOV
 Dönsk dósaskinka
599 kr./stk.



Lif Epla- og Appelsínusafi
139 kr./1 lítri



Kjarvals Gulrótar- og Súkkulaðikökur
399 kr./stk.



Signal Tannkrem
149 kr./stk.



Trópi 3 teg. 3x1/4
159 kr./pk.



Betty Crocker kökumix
599 kr./pk.



Rófur
149 kr./kg

KJARVAL Klaustur: Sími: 487 4616 Vík: Sími: 487 1325 Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 Hella: Sími: 585-7585



MÝRDAL OG AUSTUR-EYJAFJÖLLUM

Fyrsta samvera vetrarins verður í LEIKSKÁLUM föstudaginn 2. október kl. 15

NÝJIR FÉLAGAR VELKOMNIR.

STJÓRNIN.

Starfsfólk og heimilisfólk, Hjallatúni.
Sugheilar hamingjuóskir í tilefni merkra tímamóta.

Með bestu kveðju og þökk fyrir liðnar samverustundir.
 Sæunn

SMÁAUGLÝSINGAR

Kirkjuskólinn í Mýrdal.

Minni á samveruna í grunnskólanum í Vík næsta laugardag kl. 11:15. Verið dugleg að mæta.

Sóknarprestur



Höfuðbæina- og spjaldhryggjarmæðferð.

Verð á Klaustri
03. og 04. október
 laugardag og sunnudag

Áhugasamir pantið tíma í síma

587-2999 eða 866-0474
 Sigrún Inga



20 ára afmæli

**Þann 1. okt árið 1989 var fyrirtækið
Framrás ehf. stofnað.**

**Í tilefni þess bjóðum við viðskiptavinum
okkar og sveitungum að fagna 20 ára
afmælinu með okkur laugardaginn
3. október frá kl: 15 og fram eftir kvöldi.**

Bodið verður upp á kaffi og léttar veitingar.

Myndasýning verður á staðnum.

Sjáumst hress

Eigendur Framrásar



Framrás ehf.

Smiðjuvegi 17 · 870 Vík
Sími 487 1330



Þessir duglegu piltar héldu tombólu til styrktar Rauðakrossinum, söfnuðu þeir 7.155.-krónum og færir Rauðikrossinn þeim bestu þakkir fyrir.

Á myndinni f.v. Aron Bjartur Jóhannsson, Haraldur Halldórsson og Benjamín Kjartansson.

Mynd: Sveinn Þorsteinsson

Volare.is

Tilboðsvara mánaðarins í október
20% afsláttur.



Revitage augnkrem
Glæný vara frá dr. David Melumad.

Frábært krem á augnpoka. Borið varlega á svæðið kringum augun kvölds og morgna. Dregur úr þrota á áhrifamikinn hátt. Minnkar sýnilegar línur (hrukkur) á markverðan hátt. Veitir langvarandi raka og eykur þéttleika húðarinnar. 50 ml.

Fullt verð kr. 4.790.-

Tilboðsverð 20% afsláttur kr. 3.830.-

Á DOFINNI

02.-04. okt. Regnboginn - menn-
ingarhátíð í Mýrdal

07.11.2009 Fýlaveisla á Ströndinni
v/Víkurskála - Safnahelgi á Suðurlandi

Prjónakaffihúsið á Halldórskaffi kl.
20:00 Hittumst næst 8. október

Framrás 20 ára 3. október

Málsháttur vikunnar
Hamingjusamt hjónaband er hús sem
reisa verður daglega

Netverslunin - www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,
sendi um land allt.

FRÉTTATILKYNNING

Félag um sögu og minjar stofnað í Skaftárhreppi

Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi var stofnað 21. september sl. Nafnið er táknrænt fyrir spor sögunnar, sem annars mást í sandinn, en tilgangur félagsins er einmitt að stuðla að varðveislu menningarverðmæta í Skaftárhreppi.

Fyrsta verkefni félagsins verður að hlúa að gamla verslunarhúsinu við Skaftárós, sem hin síðari ár hefur gegnt hlutverki neyðarskýlis, en nú hefur lokið því hlutverki sínu. Ætlunin er að gera húsið upp setja þar upp litla sýningu um menningar-, verslunar- og björgunarsögu þess, og koma salernisaðstöðu fyrir. Vonir standa til þess að þannig verði stuðlað að auknum ferðum fólks á Meðallandsfjöruna, sem bæði á sér mikla sögu og býr yfir kynngimagnaðri náttúru.

Í framhaldinu er ætlunin að taka fleiri þörf verk á svipuðum nótum fyrir. Stefnan er að huga að verkefnum sem víðast í hreppnum.

Stjórn félagsins skipa þau Ragnar Jónsson formaður, Skúli Baldursson gjaldkeri, Ingibjörg Eiríksdóttir ritari og Hörður Davíðsson og Jón Grétar Ingvason meðstjórnendur.

Félagið er opið öllum áhugasömum og fara þeir sem gerast stofnfélagar fram að næsta aðalfundi á stofnfélagalista. Árgjald þessa árs er kr. 10.000. Nauðsynlegt er að ná inn fjármagni til að komast af stað, en annarra styrkja verður einnig leitað.

Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið fotspor880@gmail.com eða hringja í s. 893-4781 / 899-4694.

Vakti eftirtekt

Við útför Vilborgar Stefánsdóttur frá Litla-Hvammi, sem fór fram frá Víkurkirkju sl. laugardag, var tvennt sem vakti áhuga minn og eftirtekt fyrir utan góða líkræðu, fallegan söng og tónlist. Það var þessi sérlega fallega og vel



Stjórn Fótspora, f.v. Jón Grétar Ingvason, Ragnar Jónsson, Hörður Davíðsson og Ingibjörg Eiríksdóttir. Mynd: Skúli Jónsson, tekin við Skaftárósskilyð

gerða sálmaskrá, sú vandaðasta sem ég hef augum litið og þá ekki síst myndskreytingin, sem gefur henni einstakt svipmót. Falleg mynd af hinni látnu á forsíðu og góð mynd af þeim hjónum, Vilborgu og Jóni og 8 fjölskyldumyndir.

Þá var hitt atriðið, sr. Haraldur gat þess í ræðulok að kistan yrði lögð niður vestan við kirkjuna samkvæmt venju, eða lögð niður í andyrinu þar sem fólk gæti krossað yfir. Það gekk á með krapahryðjum en slapp að mestu á milli skúra að krossa yfir.

Það hefur mörgum orðið kalt við útfarir í vondum veðrum, trúlega er plássið í andyrinu í Víkurkirkju nægjanlegt, þetta væri þörf breyting.

Blessuð sé minning Vilborgar Stefánsdóttur.
E.Ó.

Um undra-geim, í himinveldi háu,
nú hverfur sól og kveður jarðarglaum;
á fegra landi gróa blómin bláu
í bjartri döggi við lífsins helgan straum.
(Benedikt Gröndal.)

Afmæli.

Í tilefni af 20 ára afmæli Þjallatúns verður opið hús hjá okkur milli kl. 15 og 16:30 sunnudaginn 4. október í tengslum við menningarhátíð í Alýrdalshreppi.

Þodid verður upp á kaffi, kleinur og pönnukökur. Kári Gestsson spilar léttu tónlist. Sýning á handverki heimilismanna.

Allir hjartanlega velkomnir.

Stjórn, starfsfólk og heimilistólk, Þjallatúni.

Samkór Mýrdælinga

Erum að hefja vetrarstarfið, æfum að venju á miðvikudögum kl 20.30 í Víkurkirkju og Skeiðflatarkirkju til skiptis.

Næsta æfing verður í Skeiðflatarkirkju í kvöld 30. sept.


Tökum vel á móti nýjum félögum, sérstaklega tenórum, jafnvel bössum og takið endilega konurnar með.

Áhugasamir geta haft samband við Kára kórstjóra s: **694-9966** nú eða bara mætt á staðinn.

Stjórnin

Regnboginn

„list í fögru umhverfi“



Helgina 2. – 4. okt. verður haldin menningarveisla í Vík þriðja árið í röð. Með menningarveislunni viljum við koma á fót fjölbreyttri menningardagskrá sem íbúum og gestum er boðið að upplifa og njóta og er aðgangur ókeypis.

Meðal atriða: Leiklist, tónlist og upplestur. Bítalögin í léttri kammer-sveiflu, tónleikar Stefáns Hilmarssonar og Eyjólf Kristjánssonar, Jógvan og félagar og götuleikhús í umsjá Vigdísar Másdóttur leikkonu. Una Margrét Jónsdóttir flytur erindi um leikjasöngva, poppveislur Mýrdælskra hljómsveita, Dalton, **Regnbogastjarnan 2009** söngvakeppni með útsláttarsniði og nemendur leikskóla, grunnskóla og tónskóla. Myndlist, ljósmyndir, kaffi, handverk, leirbrot og gler. Opið hús víða um þorpið og **Regnbogamarkaðurinn** en þar verður á boðstólum allt milli himins og jarðar.

Tökum öll þátt í Regnboginum!

„Þar sem kærleikur og snilli taka höndum saman getur þú vænst meistaraverks“ (höf ókunnur)

Nánari dagskrá á www.vik.is og einnig hefur dagskrá verið dreift í hús.

Regnboginn

List í fögru umhverfi



Skreytum bæinn í regbogans litum! Nú notum við hugmyndaflugið.....

= Blár = Appelsínugult = Grænt
= Bleikt = Gult = Rautt

Gangi ykkur vel og allir með!

Nýtt

Til sölu sýrt bygg í stórsekkjum.
Tilvalið fyrir sauðfé og kýr 35 kr. kg án vsk.

Fyrir sláturtíð

Kindaskot, gróft salt, nítratsalt, plastpokar o.fl. tilheyrandi

Klakkur ehf Smiðjuvegi 9 Vík S: 487-1223

Foreldrafélag Kirkjubæjarskóla á Síðu

boðar foreldra og forráðamenn til aðalfundar félagsins.

Hvar: matsal Kirkjubæjarskóla.

Hvenær: mánudaginn 5. október. Kl: 21:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Skólastjóri mætir og segir aðeins frá starfi vetrarins.

Sjáumst sem flest.

Stjórnin.

Framrás 20 ára

Viðmótið og verkin góð
Vert er á að minnast
Um það mætti yrkja ljóð
Ýmsum myndi finnast

Grafa, ýta, gera við
götug dekk að bæta
Framrás hefur fjölbreytt svið
flestu kunna að mæta

Áfram sjáum ykkar hag
eplast vel og dafna
Mótorar og moksturslag
minningunum safna.

Tuttugu nú teljast ár
traust er liðin saga
Standandi með sterkar rár
starfa alla daga

Þar má líka þenkja dátt
þæfa dagsins lopa
Hefjast upp og hlæja kátt
með heitan kaffisopa

EÓ/HIE



Samantekt vikuna 14. til 21. september 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Hér kemur síðbúin samantekt vikunnar 14. til 21. september 2009. Það voru 93 mál í vikunni. Bíl fór í á við Þórsmörk og festist en það slapp vel og var bifreiðin dregin upp af vegfaranda sem átti leið þarna um. Enn viljum við minna á að fara ekki í tvísýnu í árnar sem geta verið mjög hættulegar. Í þessari viku voru 18 ökumenn stöðvaðir fyrir að aka of hratt og sá sem hraðast ók var á 130 km. hraða. Ferðamönnum hefur fækkað mjög en það er þessi tími þegar haustar.

Helgin 18. til 20. september var viðburðarrík þar sem tveir menn voru á ferð af erlendu bergi brotnir og sviku út með fölsuðum greiðslukortum. Voru þeir í Vík í Mýrdal, Hvolsvelli og á Hellu og nágrenni. Tókst þeim að nota kortin til kaupa á vörum, svo sem tóbaki, áfengi og innistæðukortum á eldsneyti, fyrir fleiri hundruð þúsund krónur. Mennirnir náðust á upp-tökur á nokkrum staðanna og voru þeir handteknir á mánudagskvöldið 21. september í Reykjavík. Þeir voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins. Það er eins gott að gæta að sér í viðskiptum á þessum tímum, en svo virðist sem skipulögð glæpa-starfsemi færast mjög í vöxt.

Í þessari viku var einnig gott eftirlit með skotveiðimönnum og kannað með leyfi þeirra frá landeigendum, skot-vopnaleyfum og veiðikortum. Allt var í góðu lagi.

Samantekt vikuna 21. til 28. september 2009

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 85 mál þessa vikuna á Hvolsvelli. Í vikunni voru 33 teknir fyrir að aka of hratt í umdæminu Hvolsvöllur, en sá sem hraðast ók var á 130 km hraða. Sérstakt hraðaeftirlit hefur verið á vegum Ríkislögreglustjóra og hefur verið farið alla leið á Höfn. Þetta eftirlit hefur verið að skila árángri og hafa margir mælst á þessari leið þar sem ökumenn hafa ekki átt von á hraðamælingum lögreglunnar.

Alls voru níu ökumenn stöðvaðir á leið

minni á Höfn einn daginn fyrir að aka of hratt.

Tvær bifreiðar lentu í ám í þessari viku og komst í báðum tilvikum vatn inn á vélar bifreiðanna. Mikill kostnaður getur fylgt því og oft skemmast vélararnar sem brotna við mót-stöðuna sem vatnir veitir. Björgunarveit úr Skaftártungu fór að Hvanggili og aðstoðaði tvo menn sem þar höfðu sett bíl sinn á kaf í ána. Snjór var á þessari leið og festust björgunarmenn á leið sinni til baka. Má segja að björgunarstarf hafi staðið á annan sólarhring að koma mönnum til byggða og síðan ökutækinu. Við Klaustur lenti bíll á kafi í Geirlandsá og kom Björgunarveitin Kyndill á Klaustri til aðstoðar.

Aðilar voru teknir fyrir að vera á skotveiðum án tilskylinna leyfa í vikunni. Mál þeirra fær venjubundna afgreiðslu í kerfinu.

Annars var vikan slysalaus hjá okkur og er það okkur mikið gleðiefni.

*Tekið saman af
Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra*

Rægnboginn

„list í fögru umhverfi“

Á Lundanum

Opið laugardag og sunnudag frá kl. 11:00 - 22:00

Jógvan og Vignir Snær spila fyrir matargesti laugardagskvöld og svo bætist Sjonni Brink í hópinn og saman spila þeir fram eftir nóttu.

Kjötsúpa í hádeginu laugardag og sunnudag

Kaffi og kökusneið kr. 500,-
Tilboð á gistingu



Nú á haustmánuðum eru fram undan heljarins matarveislur af ýmsum toga á Icelandairhotel Klaustri þar sem Sigurður Daði Friðriksson matreiðslumaður hótelsins fer létt með að töfra fram hvern réttinn á fætur öðrum.

Villibráðarhlaðborð.

Laugardagskvöldin 7. nóvember, 14. nóvember og 21. nóvember verðum við með okkar margrómuðu villibráðarveislur þar sem hlaðborðið svignar undan kræsingunum.

Verð pr. mann með dansleik er kr. 6.990

Jólamatseðill.

Laugardagskvöldin 5. desember og 12. desember bjóðum við síðan upp á fjölbreyttan jólamatseðil og verðum þá að vanda "rólegum og rjómantískum nótum" hér á Hótel Klaustri"

Nánar auglýst síðar.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árshátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vinahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Gerum tilboð í hópa - og svo verða sérkjör á gistingu ofangreindar helgar í tengslum við þessar veislur.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.
ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR
sími 487 - 4900.

Það þarf ekki að geyma auglýsinguna - við auglýsum aftur og aftur og aftur!!!!

FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 14. september 2009, 306. fundur sveitarstjórnar, 8. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Elín Heiða Valsdóttir og Sverrir Gíslason boðuðu forföll og í stað þeirra eru mætt fyrsti varamaður Gísli Kjartansson og annar varamaður Sigurlaug Jónsdóttir. Oddviti óskar eftir að efiertalin mál verði tekin á dagskrá: Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands sem liður I-8; Drög að samningi við Nautilus Ísland ehf sem liður I-9; Fundargerð fjallskilaneftndar Áltaversafréttar 29. ágúst 2009 sem liður II-5; Fundargerð 115. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 10. september 2009 sem liður III-9. Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Byggingarland á Kirkjubæjarklaustri
Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort hægt sé fyrir sveitarfélagið að fá til umráða byggingarland á Kirkjubæjarklaustri með samkomulagi við eigendur jarðarinnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska skriflega eftir samkomulagi við alla eigendur Klausturjarðarinnar um að sveitarfélagið fái afnot af byggingarlandi, með fyrirvara um síðari tíma niðurstöðu varðandi eignarmeðferð jarðarinnar. Óskað verði eftir skriflegu svari fyrir 10. október nk.

2. Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 15. og 16. október 2009 – Kjörbréf.

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og varaoddvita að sitja þingið sem aðalmenn og Þorsteini Kristinssyni og Jóhannesi Gissurarsoni sem varamenn. Sveitarstjóri mun einnig sitja þingið.

3. Erindi frá Veðurstofu Íslands 8. september 2009: Tilfærsla á búnaði til mælinga á rennsli Hólmsár

Sveitarstjórn samþykkir að heimila

Veðurstofu Íslands flutning og tímabundna uppsetningu mælíbúnaðar og aðstöðu við Hólmsá, frá Álfatakvislum að Moldrana / Paula.

4. Yfirdráttarheimild hjá Kaupþingi fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir hækkaðri yfirdráttarheimild, í 10 mkr., fyrir Klausturhóla hjá Kaupþingi.

5. Fjárlaganefnd Alþingis 28. ágúst 2009: Fundur með fulltrúum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn felur oddvita og sveitarstjóra að ganga á fund fjárlaganefndar, en ráðgert er að það verði mánudaginn 28. september nk.

6. Samstarf sveitarfélaga á Suðurlandi

Fyrir liggur minnisblað frá fundi oddvita nokkurra sveitarfélaga á Suðurlandi sem haldinn var 27. ágúst sl. til að ræða hugsanleg áhrif Land-Eyjarhafnar á samstarf sveitarfélaga á áhrifasvæði hafnarinnar. Fundarboðandi var Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Á fundinum var ákveðið að leggja til við sveitarstjórnir á svæðinu að stofnaður verði sérstakur stýrihópur til að vinna að athugun á auknu samráði og samstarfi sveitarfélaganna. Sveitarstjórn felur oddvita að fylgjast með framgangi þessa máls og taka sæti í umræddum stýrihópi f.h. Skaftárhrepps og tilnefni sveitarstjóra sem varamann.

7. Erindi frá Stjórnsýsluráðgjöf ehf /STB 17. ágúst 2009: Sameining sveitarfélaga – næstu skref.

Stjórnsýsluráðgjöf ehf / Sigurði Tómasi Björgvinssyni hefur af samgönguráðuneytinu verið falið að annast þróunarvinnu við eflingu sveitarstjórnarstigisins. Óskað er eftir svörum sveitarstjórnar við nokkrum spurningum er varða viðhorf til sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að gaumgæfa þetta mál vandlega, m.a. í ljósi fyrirhugaðra viðræðna við nágrennasveitarfélögin um nánara samstarf sbr. lið I-6 í þessari fundargerð. Sveitarstjórn felur oddvita og varaoddvita að gera tillögu um framhaldið og leggja fyrir sveitarstjórn til nánari umfjöllunar.

8. Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands 10. september 2009.

Hluti áttaksverkefnis Háskólafélagsins til

eflingar háskólatengdri starfsemi í Rangárþingi Eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi er þróun hugmyndar um „Geopark“ á svæðinu og þátttöku í European Geoparks Network. Stjórn áttaksverkefnisins óskar eftir að sveitarfélögin tilnefni tvo fulltrúa hvert í sérstakan undirbúningshóp, einn úr sveitarstjórn og einn frá ferðaþjónustuaðilum, til að vinna áfram með þessa hugmynd og kanna þá möguleika sem kunna að felast í þátttöku í þessum samþökum. Sveitarstjórn felur Elínu Heiðu Valsdóttur að taka sæti í þessum undirbúningshópi. Erindinu vísað til Ferðamálafélags Skaftárhrepps vaðandi tilnefningu fulltrúa ferðaþjónustuaðila.

9. Drög að leigusamningi við Nautilus Ísland ehf um aðstöðu fyrir líkamsræktarstöð í íþróttamiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.

Fyrir liggja drög að sex ára leigusamningi milli Skaftárhrepps og Nautilus Ísland ehf um afnot af svokölluðum tækjasal í íþróttamiðstöðinni til uppsetningar og reksturs heilsuræktarstöðvar fyrir almenning. Gert er ráð fyrir að starfsemin verði tengd rekstri sundlaugarinnar og tekjuskipting verði 80% fyrir Nautilus og 20% fyrir Skaftárhrepp. Sveitarstjórn telur að þessi samningur geti orðið íbúum, sumarstarfsfólki og gestum á svæðinu hvatning til að nýta þá frábæru aðstöðu sem skapast hefur með tilkomu hinnar nýbyggðu íþróttamiðstöðvar. Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra að ganga til samninga við Nautilus á grunni fyrirbyggjandi samningsdraga.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 112. fræðslunefndarfundur 20. ágúst 2009. Fundargerð samþykkt.

2. Fundur í fjallskilaneftnd Landbrots- og Miðafréttar 25.06.2009. Fundargerð samþykkt.

3. Fundur í fjallskilaneftnd Landbrots- og Miðafréttar 16.08.2008. Fundargerð samþykkt.

4. Fundur í fjallskilaneftnd Skaftártunguafréttar 24. ágúst 2009. Fundargerð samþykkt.

5. Fundur í fjallskilaneftnd Áltaversafréttar 29. ágúst 2009, ásamt fjallskilaseðli.

Fundargerð samþykkt

III. Fundargerðir til kynningar.

1. Aðalfundur Byggðasamlags Green Globe 21 í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 15.

apríl 2009, ásamt ársskýrslu 2008-2009 og ársreikningi 2008

2. 20. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 1. júlí 2009

3. 36. fundur barnaverndarneftndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2. júlí 2009

4. 37. fundur barnaverndarneftndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 26. ágúst 2009

5. 766. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. ágúst 2009

6. 286. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 2. september 2009, ásamt minnisblaði

7. 11. fundur velferðarmálanefndar SASS 18. ágúst 2009

8. 12. fundur velferðarmálanefndar SASS 1. september 2009

9. 115. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands 10. september 2009

IV. Annað kynningarefni.

1. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið 12. ágúst 2009: Greinargerð Ríkiskaupa um endurskoðað verðmat á jörðinni Ytri-Lyngum II

2. Byggðasamlagið Hula: Aðalfundarboð 10. september 2009

3. Auglýsing um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma, dags. 19. ágúst 2009

4. Bréf frá MAST 31. ágúst 2009

5. Afrit af bréfi MAST 01.09.2009

6. Afrit af bréfi MAST 08.09.2009

7. Afrit af bréfi MAST til Rangárþings Ytra 1. september 2009

8. Dreifibréf frá Evrópuskrifstofunni

9. Fjallskilaseðill Austur-Síðu 2009

10. Fjallskilaseðill Landbrots- og Miðafréttar 2009

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.18:30.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 12. október 2009 og hefð fundurinn kl. 14:00.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson, Gísli Kjartansson (varamaður), Sigurlaug Jónsdóttir (varamaður)